

6. Apríl 2017

Fréttatilkynning

Vorverkin í Vatnsmýrinni

Við Norræna húsið. Laugardaginn 7. apríl kl. 13.

[Hollvinir tjarnarinnar](#) eru óformlegur hópur sjálfboðaliða á vegum Fuglaverndar sem hafa árlega hittst við [Norræna Húsið](#) og tekið til í friðlandi fugla í Vatnsmýrinni. Sjálfboðaliðar hafa týnt rusl á svæðinu og lagt greinar í bakka til að varna landbroti og unnið fleiri verk. Í ár standa yfir framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar á svæðinu. Markmiðið er að gera svæðið aðlaðandi varpsvæði fyrir endur og mófugla.

Við stefnum að því að hittast við Norræna húsið kl. 13:00 á laugardaginn. Allir velkomnir, því margar hendur vinna létt verk.

Viðburðurinn: [Tiltekt í friðlandinu í Vatnsmýrinni](#)

Viðburðurinn á Facebook: [Tiltekt í friðlandinu í Vatnsmýrinni 7. apríl kl. 13](#)

Facebooksíðan: [Friðlandið í Vatnsmýrinni](#)

Gerum heimilin grænni - Umhverfishátíð Norræna hússins

Fuglavernd tekur þátt í Umhverfishátíð Norræna hússins, þar sem félagið verður kynnt fyrir gestum og gangandi. Áherslan verður lögð á hvernig við getum spornað gegn matarsóun með því að gefa fuglunum í garðinum matarafgangna og það sem til fellur í stað þess að þurfa að henda.

Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Viðburðurinn: [Gerum heimilin grænni](#)

Viðburðurinn á Facebook: [Umhverfishátíð Norræna hússins 7. - 8. apríl](#)

Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Meðfylgjandi er mynd af: Sjálboðaliðum Fuglaverndar að störfum 2017

Ljósmyndari: Dögg Matthíasdóttir

Nánari upplýsingar veitir:

Dögg Matthíasdóttir | kynningarfulltrúi | 5620477 | 690 1205 | dew@fuglavernd.is